



LÝÐHEILSUSTÖÐ

SKÝRSLA UM TÓBAKSVARNIR

Svar vegna fyrirspurnar frá Alþingi

Janúar 2007

Efnisyfirlit

1	Tóbaksvarnir.....	2
1.1	Almennt um skýrsluna	2
1.2	Framkvæmd tóbaksvarna.....	2
1.2.1	Fjárheimildir.....	2
1.2.2	Tóbaksvarnir 2003	3
1.2.3	Tóbaksvarnir 2004	3
1.2.4	Tóbaksvarnir 2005	4
1.2.5	Tóbaksvarnir 2006	5
1.2.6	Tóbaksvarnir 2007	5
1.3	Kostnaður við tóbaksvarnir LHS 2003-2006	6
1.3.1	Kostnaður og ráðstöfun fjármuna.....	6
2	Viðauki.....	7
2.1	Þróun í reykingum skólabarna.....	7
2.2	Þróun í reykingum fullorðinna.....	7
2.3	Munntóbaksnotkun	8

1 Tóbaksvarnir

1.1 Almennt um skýrsluna

Í tilefni af fyrirspurn frá Þuríði Backman alþingismanni um tóbaksvarnir, sem borin var fram á Alþingi í desember 2006, er þessi samantekt unnin.

Spurningar Þuríðar voru:

1. Hver var fjárhæð sérstaks tóbaksgjalds skv. 9. gr. laga nr. 18/2003, sem Lýðheilsustöð fékk frá stofnun hennar árið 2003 til ársins 2006, skipt eftir árum.
2. Hverning var því fé varið, sundurliðað eftir framlögum á hvern lið í: a. Verkefni í tóbaksvörnum og b. rekstur Lýðheilsustöðvar

Forsendur skýrslunnar eru fjárlög, fjáráukalög, ársreikningur ÁTVR, reikningar Lýðheilsustöðvar, gögn á heimasíðu og samtöl við starfsfólk. Sameiginlegum kostnaði við rekstur Lýðheilsustöðvar er skipt í hlutfalli við vinnutíma á viðfang og reiknað er hlutfall tóbaksvarna af kostnaði vegna rannsóknar- og þróunarviðs og samskipta- og fræðsluviðs.

Hér er ekki um að ræða tæmandi yfirlit um starfsemi og verkefni er varðar tóbaksvarnir.

1.2 Framkvæmd tóbaksvarna

1.2.1 Fjárheimildir

Umfang tóbaksvarna takmarkast af fjárheimildum, sem samkvæmt lögum eru 0,9% af brúttósölu tóbaks. Í töflunni hér að neðan má sjá brúttósölu tóbaks, upphæð til tóbaksvarna samkvæmt lögum um tóbaksvarnir, upphæð til tóbaksvarna í fjárlögum hvers árs, leiðréttingu í fjáráukalögum og að lokum leiðréttu upphæð til tóbaksvarna. Í töflunni er tekið tillit til þess að tóbaksvarnir voru í höndum Lýðheilsustöðvar hálf árið 2003.

Tafla 1 Fjárheimildir Lýðheilsustöðvar til tóbaksvarna (allar tölur í m.kr.)

Ár	Brúttósala tóbaks	Af brúttósölu 0,9%	Fjárlög lögbundið framlag	Fjáráukalög	Fjárlög + fjáráukalög
½ 2003	3.479,1	31,3	28,0	11,8	39,8
2004	7.032,8	63,3	61,1		61,1
2005	7.523,7	67,7	61,1	1,9	63,0
2006	Áætlað	66,4	61,1	12,1	73,2
2007	Áætlað	67,4	65,0		65,0
Alls		296,1	276,3	23,9	302,1

1.2.2 Tóbaksvarnir 2003


Með lögum nr. 18 um Lýðheilsustöð frá árinu 2003 var mælt svo fyrir að tóbaksvarnaráð skildi starfa innan Lýðheilsustöðvar og gegna hlutverki sérfræðiráðs. Starfsemi tóbaksvarna færðist því til Lýðheilsustöðvar 1. júlí 2003. Tveir starfsmenn tóbaksvarnaráðs, sem unnið höfðu að tóbaksvörnum sem verktakar, héldu því fyrirkomulagi til áramóta. Haldið var áfram með þau verkefni sem voru í gangi og voru þau helst: áróður, forvarnaverkefni og stuðningur við grasrótastarf.

Til áróðurs telst gerð og birting auglýsinga um skaðsemi reykinga. M.a. var ráðist í gerð leikinna sjónvarpsauglýsinga um reykingar á veitingastöðum, m.t.t. skaðsemi óbeinna reykinga. Forvarnaverkefni voru t.d. Evrópuverkefni svo sem verkefnið „reyklaus bekkur“ sem rekið hefur verið í mörg ár með góðri þátttöku 7. og 8. bekkja grunnskóla landsins. Í grasrótastarfi fólst stuðningur við ýmsa hópa í þjóðfélaginu, svo sem íþróttahreyfinguna og aðra sem láta sig forvarnastarf varða. Hluti af daglegum rekstri tóbaksvarna er m.a. að svara fjölbreyttum fyrirspurnum frá almenningi og skólafólki er varða tóbak sem og að vera stjórnvöldum til ráðgjafar og stuðnings um hvaðeina er varðar tóbak og tóbaksvarnir.



1.2.3 Tóbaksvarnir 2004

Frá og með áramótum urðu tveir fyrrum verktakar tóbaksvarnaráðs starfsmenn Lýðheilsustöðvar. Stjórn og stefnumótun í tóbaksvörum varð einnig hluti af forvarnastarfi stöðvarinnar. Við þessa breytingu nutu tóbaksvarnir nú stuðnings frá nýstofnuðu rannsóknar- og þróunarsviði. Stuðningur þess birtist m.a. í samvinnu starfsmanna rannsóknar- og þróunarsviðs og verkefnastjóra tóbaksvarna við undirbúning, framkvæmd og úrvinnslu og túlkun niðurstaðna á rannsóknnum sem gerðar eru á sviði tóbaksvarna. Skoðaðar voru rannsóknir og kannanir og þær samræmdar auk þess sem stofnað var til nýrra rannsókna á þessu sviði. Meðal annars var farið að undirbúa viðamikla könnun á heilsufari Íslendinga þar sem kannaðar eru bæði beinar og óbeinar reykingar. Auk þess hafa starfsmenn rannsóknar- og þróunarsviðs aðstoðað verkefnastjóra tóbaksvarna við framsetningu á tölfræðilegum upplýsingum, túlkun erlendra og innlendra niðurstaðna á rannsóknnum. Þá hefur rannsóknar- og þróunarsvið einnig unnið, í samvinnu við innlenda háskóla og rannsóknastofnanir, að könnun á reykingum og annarri tóbaksneyslu nemenda í grunn- og framhaldsskólum.



Allir megin þættir tóbaksvarna frá fyrra starfi tóbaksvarnaráðs héldu sér í starfi Lýðheilsustöðvar. Sérstaklega má þar nefna reyklusu daginn sem haldinn er árlega 31. maí, stuðningur við reyksímamann, stuðningur við LOFT ráðstefnurnar um tóbaksvarnir, sem haldin er á tveggja ára fresti, birting auglýsinga á sjónvarpsstöðvum um skaðsemi óbeinna reykinga fyrir starfsfólk

veitingastaða og hefðbundnar auglýsingar um hvatningu til þess að hætta að reykja um áramót. Að auki var haldið áfram með Evrópuverkefni sem annars vegar miða að 12-14 ára börnum og hins vegar ungu fólki á aldrinum 15-25 ára. Í vetrarbyrjun bauð Lýðheilsustöð dr. Jeffrey Wigand að koma til að halda erindi fyrir landsmenn um tóbaksiðnaðinn, einkum blekkingarstarfsemi hans. Dr. Wigand varð heimsþekktur eftir að myndin The Insider var sýnd árið 1999 en þar lék Russel Crowe dr. Wigand, þ.e. manninn sem fletti ofan af blekkingarstarfsemi tóbaksiðnaðarins.



1.2.4 Tóbaksvarnir 2005

Í stórum dráttum má segja að starfið hafi haldið áfram með þeim hætti sem markaður var árið 2004. Þó urðu þær breytingar að einum starfsmanni í fullu starfi var bætt við með sérstaka áherslu á skólafræðslu þannig að starfsmenn voru nú þrír. Lögð var vinna í að endurskipuleggja fræðsluna þannig að hún gæti nýst sem best í öllum skólum landsins, m.a. með betra aðgengi að námsefni í gegnum heimasíðu stöðvarinnar. Einnig var framleitt nýtt efni til að nýta við skólafræðsluna.

Mjög mikil vinna varð á árinu samfara greinargerð og undirbúningi að nýjum lögum um bann við reykingum á veitingastöðum. Reyklausi dagurinn var haldinn í samvinnu við félag heilbrigðisstétta og hafði yfirskriftina „heilbrigðisstarfsmenn og tóbaksvarnir“. Unnið var með þremur stéttarfélögum heilbrigðisstarfsmanna að gerð bæklinga auk þess sem öllum heilbrigðistofnunum, annars vegar, og öllum heilbrigðisstarfsmönnum, hinsvegar, var sent bréf og þeir minntir á ábyrgð sína hvað tóbaksvarnir varðar. Veggmyndir og annað ítarefni var sent til heilbrigðistofnana. Þetta árið miðaði áhersla reyklausa dagsins meira inn á við í heilbrigðiskerfið en út á við til almennings.



Lýðheilsustöð styrkti útgáfu sjálfshjálparbæklinga *Hættu fyrir lífið* sem nýst getur öllum þeim sem vilja reyna að hætta að reykja og halda reykleysið.

Unnið var að hefðbundnum tóbaksvarnaverkefnum sem snúa að grunnskólanemum og öðru ungu fólki, s.s. *Reyklaus bekkur* og *Vertu ferskari*. Einnig voru framleiddar og birtar nýjar tóbaksvarnaauglýsingar fyrir prentmiðla.



1.2.5 Tóbaksvarnir 2006

Frá því að tóbaksvarnaráð var stofnað innan LHS hefur það haldið 25 fundi. Oft hafa verið á dagskrá ráðsins þau lög sem nú hafa verið samþykkt og tryggja starfsfólki á veitingastöðum sömu réttindi til reykleysins og öðrum stéttum þjóðfélagsins. Í framhaldi af þessum nýsamþykktu lögum



hefur tekið við umtalsverð undirbúningsvinna sem miðar að framkvæmd þessara laga, auk undirbúnings á árangursmælingum vegna þeirra áhrifa sem löggin kunna að hafa. Útbúin voru m.a. og gefin út fyrstu fræðslugögn um bann við reykningum á veitingastöðum, í samvinnu við Samtök ferðaþjónustunnar, sem send voru á alla slíka staði á landinu.

Til að nefna eitthvað af verkefnum ársins er hér getið um rannsókn á reykningum á heimilum 3 ára barna á Íslandi og voru niðurstöðurnar birtar haustið 2006. Veruleg vinna var lögð í undirbúning verkefnisins „gagnvirk heimasíða“ sem tekin verður í notkun fyrri hluta ársins 2007. Endurútfinn var fræðslubæklingurinn *Til foreldra um börn og óbeinar reykningar*. Hópur fagfólks hefur verið að fjalla um munntóbaksnotkun ungs fólks og í kjölfarið er gert ráð fyrir aukinni áherslu á þennan þátt árið 2007. Að síðustu skal hér nefnt vel heppnað verkefni þar sem þúsundir ungmenna hafa skrifað örsögur og tjáð sig um tóbaksnotkun á ýmsa vegu í gegnum heimasíðu Lýðheilsustöðvar en hún er mjög mikið notuð í tóbaksvarnastarfinu. Þess má geta að heimsóknir á síðuna á árinu 2006 voru um 169.000 og gestir um 93.000.

1.2.6 Tóbaksvarnir 2007

Skilgreind verkefni á sviði tóbaksvarna samkvæmt verkefnaáætlun ársins 2007 eru í meginatriðum:

Framhald verkefnisins „Reyklaus veitingahús“ í samvinnu við Samtök ferðaþjónustunnar. Sett hefur verið upp rannsóknaráætlun sem mælir árangur þessarar lagsetningar á ólíkum sviðum. Mörg verkefni, sem unnin hafa verið undanfarin ár, koma til með að halda sér og er þar hægt að nefna dag án tóbaks, 31. maí, sem er dagurinn á undan gildistöku laga um reyklaus veitingahús. Dagurinn mun verða að verulegu leyti tileinkaður þeim tímamótum. Þá mun verða haldið áfram stuðningi við reyksímann og jafnframt gerður við hann nýr þjónustusamningur um gagnvirka heimasíðu fyrir reykningafólk.



Reyksíminn mun annast hina nýju gagnvirku heimasíðu, sem verið hefur í vinnslu og er fengin að stærstum hluta frá Noregi. Þá mun verða haldið áfram með forvarnaverkefni fyrir ungt fólk, sem gengið hafa mjög vel, og er þar hægt að nefna verkefnið reyklaus bekkur en allt að 70% sjöunda og áttundu bekkja í grunnskólum landsins hafa þar verið þáttakendur. Einnig verður aukin áhersla lögð á tóbaksvarnir í 9. og 10. bekk. Í ár er einnig á áætlun að byrja með nýtt verkefni þar sem

fullorðnum, eða 18 ára og eldri, er boðið að taka þátt í eins konar keppni - nefnd „Quit and Win” - sem hefur verið haldin í mjög mörgum löndum og gefist vel. Þá verður hrint úr vör verkefni, sem á árinu 2006 hefur verið til skoðunar í rýnihóp, þar sem leitast verður við að vekja athygli á neikvæðium hliðum munntóbaksneyslu, einkum á meðal ungs fólks. Einnig má nefna „Börn og óbeinar reykingar“, meistaraprófsverkefni við Háskólann í Reykjavík. ENSP-Evrópusamstarf, þýðingu á efni tengdu börnum á helstu erlendu tungumál sem þörf er fyrir á landinu, auk þess sem nýjar sjónvarpsauglýsingar tengdar tóbaksvörnum verða gerðar á árinu.

Verkefnastjórar í fullu starfi við tóbaksvarnir eru tveir en auk þeirra koma sjö aðir starfsmenn með beinum hætti að starfinu með 5% til 22% vinnuframlag.

1.3 Kostnaður við tóbaksvarnir LHS 2003-2006

1.3.1 Kostnaður og ráðstöfun fjármuna

Í töflunni hér að neðan er sýnd upphafsstaða fjárheimilda til tóbaksvarna, fjárheimildir eftir árum, ráðstöfun fjár til tóbaksvarna, hlutdeild tóbaksvarna í sameiginlegum rekstri Lýðheilsustöðvar og að lokum staða tóbaksvarna. Sem fyrr segir fluttust tóbaksvarnir til Lýðheilsustöðvar á miðju ári 2003 og er tekið tillit til þess í útreikningum.

Tafla 2 Kostnaður við verkefni í tóbaksvörnum, árið 2007 er áætlað. (allar tölur í m.kr.)


Ár	Staðan í byrjun	Fé til tóbaksvarna	a. Verkefni í tóbaksvörnum alls	b. Rekstur LHS (hlutdeild í sameiginlegum rekstri)	Lokastaða tóbaksvarna
½ 2003	-26,6	13,2	16,8	4,9	-3,6
2004		61,1	52,1	9,8	9,0
2005		63,1	52,2	14,3	10,8
2006		73,2	57,1	12,5	16,1
2007		65,0	70,2	7,5	-5,2
Alls		275,5	248,4	49,0	27,1

Í desember 2006 greiddi ríkissjóður 12,1 milljón króna inn á reikning Lýðheilsustöðvar sem er leiðrétting á greiðslu lögbundins tóbaksvarnarfjár síðastliðin þrjú ár. Sú upphæð skýrir 37 % af ónýttu tóbaksvarnarfé í árslok 2006. Ónýtt lögbundið tóbaksvarnarfé verður nýtt á næstu þremur árum samhliða því fé sem fæst greitt árlega á sama tíma.

2 Viðauki

2.1 Þróun í reykingum skólabarna.

Reykingar í 10. bekk grunnskóla 1974-2006



2.2 Þróun í reykingum fullorðinna

capacent
GALLUP

Sp. 1. Reykir þú eða hefur þú reykt? Þeir sem reykja daglega

Mars - október 2006

Þróun



Þróun er sýnd á kvarðanum 0-50%

2.3 Munntóbaksnotkun

Tóbaksnotkun íslenskra karla 2005
notkun daglega og öðru hvoru

